

Alþingi - Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
Sent á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. mars 2021.

Efni: Umsögn um mál nr. 495, frumvarp til laga, breyting á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala á framleiðslustað).

FRÆ - Fræðsla og forvarnir leggjast gegn samþykkt frumvarpsins.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að einungis sé heimilt að veita einum aðila innan sömu samstæðu afslátt frá áfengisgjaldi. Í greinargerð með frumvarpinu er hins vegar sagt að framleiðendurnir megi ekki vera hluti af samstæðu. Hér er um að ræða mótsögn sem þarf að skýra.

Í 5. gr. frumvarpsins eru viðmið/takmarkanir um magn áfengis/fjölda eintaka sem handhafa leyfis til sölu á framleiðslustað er heimilt að selja hverjum einstaklingi og taldir upp nokkrir flokkar áfengisvökva sem innihalda mismikið magn af hreinum vínanda. Ekki verður ráðið af þessu hvort þessi viðmið beri að skilja svo að hverjum einstaklingi sé einungis heimilt að kaupa leyfilegt hámark í einum styrkleikaflokki hverju sinni eða að hverjum einstaklingi sé heimilt að kaupa áfengi úr öllum hinna tilgreindu styrkleikaflokkum hverju sinni, svo framarlega að ekki sé farið yfir tilgreint hámark fjölda eintaka í hverjum þeirra.

Í greinargerð með frumvarpinu er sagt að þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu ættu að vera til hagsbóta fyrir bæði smærri innlendra áfengisframleiðendur sem og neytendur. Hér má einnig spyrja: Í hverju eru hagsbætur frumvarpsins fyrir lýðheilsu og þar með allan almennung í landinu? Einungis er fullyrt að frumvarpið sé „talið hafa lítil sem engin áhrif á lýðheilsu þótt framleiðslukostnaður sé lækkaður á áfengi og stöðum fjölgað þar sem áfengi er selt einstaklingum.“ Þessi fullyrðing stangast algerlega á við þær forsendur sem meðal annars Alþjóðaheilbrigðismálastofunin (WHO) leggur til grundvallar ráðleggingum sínum til stjórnvalda í áfengismálum að fjölgun staða þar sem áfengi er selt/aukið aðgengi leiði að jafnaði til aukinnar neyslu og þar með aukinna vandamála tengdum áfengi. Þessa fullyrðingu verður því að rökstyðja með vísan í rannsóknir eða önnur gagnreynd gögn.

Að öðru leyti vísast efnislega til umsagna FRÆ um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), þingskjal 850, mál nr. 504, stjórnarfrumvarp og þingskjal 809, mál nr. 480, frumvarp til laga um um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (heimabruggun). Í hinu síðarnefnda er meðal annars minnt á að hlutverk stjórnvalda er að gæta að áhrifum á heilsu og líðan íbúa í samfélaginu við stefnumótun og stjórnsýsluákvæðanir og byggja þær á trausti þekkingu. Þar bendum við til dæmis á og leggjum til að gerð sé krafa um lýðheilsumat þegar um er að ræða ákvæðanir sem varða sérstaklega heilsu fólks og viðkvæm samfélags- og velferðarmál. Breytingar á einstökum þáttum áfengismála þurfa auk þess að byggjast á heildarsýn og heildarstefnu, en ekki meira eða minna tilviljanakenndum áhlaupum, þannig að hægt sé að meta hvort og með hvaða hætti frumvörp eins og það sem hér er á ferðinni samræmist eða gengur gegn henni og markmiðum hennar.

Virðingarfyllt,



Framkvæmdastjóri FRÆ - Fræðslu og forvarna

Þekking í þágu forvarna